

Brito Ferrinho Bexiga Villa-Nova gegn Portúgal

Dómur frá 1. desember 2015

Mál nr. 69436/10

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Rannsókn sakamáls. Lögmenn. Bankaleynd. Trúnaðarskylda. Réttarúrræði.

1. Málsatvik

Kærandi, sem er fædd árið 1969 og búsett í Portúgal, var eigandi lögfræðistofu. Við rannsókn á skattgreiðslum lögfræðistofunnar tóku skattayfirvöld eftir því að kærandi hafði ekki greitt virðisaukaskatt af þóknun sinni árin 2005 og 2006. Þær höfðu farið beint inn á bankareikning kæranda. Skattayfirvöld kröfðu kæranda um yfirlit bankareikninga en kærandi hafnaði því á grundvelli trúnaðarskyldu sinnar sem lögfræðingur og bankaleyndar. Þá hóf saksóknari rannsókn á skattamálum kæranda og krafðist þess að trúnaðarskyldu og bankaleynd yrði aflétt af gögnunum. Áfrýjunardómstóll tók málið fyrir 12. janúar 2010 og skipaði fyrir um að trúnaðarskyldu og bankaleynd skyldi aflétt á þeim grundvelli að almannahagsmunir væru mikilvægari en einkahagsmunir. Frekari áfrýjun kæranda bar ekki árangur. Saksóknari felldi málið gegn kæranda niður 29. janúar 2011.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærandi taldi brotið gegn 8. gr. sáttmálans um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu þar sem bankaupplýsingar hennar hefðu verið notaðar í sakamáli gegn henni vegna ætlaðra skattalagabrota. Með því að þurfa að birta bankayfirlitin hafi hún þurft að brjóta faglega trúnaðarskyldu sína. Einnig taldi kærandi brotið gegn 6. gr. sáttmálans um réttláta málsmeðferð og 13. gr. sáttmálans um rétt til raunhæfra úrræða til að leita réttar síns.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að notkun skattarannsóknaryfirvalda á bankaupplýsingum kæranda væri íhlutun í skyldu hennar til faglegrar trúnaðarskyldu og sú skylda félli innan friðhelgi einkalífs. Þessi íhlutun hefði lagastoð og stefndi að því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir afbrot, sbr. 2. mgr. 8. gr. sáttmálans. Gagnaleyndinni var aflétt með úrskurði dómara en kærandi hafði hins vegar ekki átt neina aðkomu að því máli. Hún vissi því ekki að gagnaleyndinni hefði verið aflétt fyrr en hún fékk tilkynningu um það frá saksóknara 12. janúar 2010. Kærandi fékk þannig ekki tækifæri á að koma að sínum sjónarmiðum þegar málið var tekið fyrir.

Dómstóllinn benti á að í landslögum væri ákvæði um að leita ætti til Lögfræðingafélags Portúgal í málum er vörðuðu trúnaðarskyldu lögfræðinga. Því ákvæði hafði ekki verið fylgt. Þó að ekki hefði verið um bindandi álit að ræða, þá taldi dómstóllinn samt sem áður að landsdómstóllinn hefði átt að leita eftir téðu álitu vegna eðlis umræddra upplýsinga.

Dómstóllinn taldi að þar sem Hæstiréttur Portúgals hafi vísað frá beiðni kæranda um áfrýjun hafi hún ekki fengið tækifæri á að koma að sjónarmiðum sínum. Með því hafi verið brotið gegn rétti hennar til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.

Niðurstaða dómstólsins var að skort hafi á úrræði fyrir kæranda til að leita réttar síns. Yfirvöld í Portúgal hafi ekki gætt nægilega að jafnvægi milli almannahagsmuna og einkahagsmuna kæranda. Því varð niðurstaðan að brotið hefði verið gegn réttindum hennar samkvæmt 8. gr. sáttmálans.

Portúgalska ríkinu var gert að greiða kæranda 3.250 evrur í miskabætur og 463,98 evrur í málskostnað.